

Styrkumsókn - Menningar- og ferðamáli

Almennar upplýsingar

Nafn umsækjanda

Kristinn Hilmar Marinósson

Kennitala

1204872999

Heimilisfang

Miðtún 2

Póstnúmer

460

Staður

Táknafjörður

Netfang

kristinnhmar@gmail.com

Umsjónaraðili

Kristinn Marinósson

Samstarfsaðilar

Heiti verkefnis

Bifröst - Brú í aðra heima

Lýsing verkefnis eða viðburðar

Gönguleiðakerfið Bifröst hefur verið í þróun og vinnslu í 3 ár. Nú hafa 6 leiðir verið stikaðar, alls um 26 km, umhverfis þorpið í Táknafirði og á nærliggjandi heiðar. Leiðarkorti hefur verið komið fyrir við íþróttamiðstöð Táknafjarðar, þaðan sem upphaf gönguleiðanna er merkt. Hægt er að nálgast kortið með því að Googla Bifröst Hiking Trails.

Framundan er áframhaldandi vinna við að greikka leiðir, með brúum, stigum, þrepum og köðlum. Einnig á eftir að merkja hverja leið með nafni og um það snýst þessi umsókn.

Von er að geta merkt hverja gönguleið með sínu nafni, og nota til þess efnivið úr skógrækt Táknafjarðar til að útbúa skiltin. Hugmyndin er að sníða trjáboli saman í T laga skilti þar sem ein hlið efri bolsins hefur verið flött út til að hægt sé að greipa nafn og vegalengd leiðarinnar í bolinn. Alls eru það 6 skilti sem þörf er á í fyrsta áfanga þessa verkhluta, en vonin er að halda svo áfram með sama stíl til þess að merkja örnefni á gönguleiðum, sem og að skrá sögu og þjóðsögur sem gönguleiðirnar eru sniðnar að.

Samfélagslegt gildi verkefnis eða viðburðar

Sjá má á leiðunum sem merktar hafi verið að þær eru nokkuð gengnar, sömuleiðis hefur fólk borið sig að og tjáð ánægju sína með aukni aðgengi að nærumhverfi þorpsins. Jákvæð áhrif útivistar fyrir almenning þarf varla að telja hér upp. Þó má benda á að með auknu aðgengi að náttúrunni, styrkjast tengsl fólks við umhverfi sitt og sína heimabyggð.

Sömuleiðis hefur opnun gönguleiðanna þegar sínt aðráttarafið sitt fyrir ferðafólk sem leggur leið sína á svæðið. Reynsla við störf í Friðlandi Vatnsfjarðar, þar sem fólk ílengdist á staðnum vegna gönguleiða sem í boði eru þar, hvatti mig áfram í þessu verkefni. Sem rekstraraðili Tjaldsvæðis Táknafjarðar varð ég var við að ferðafólk framlengdi dvöl sína til þess að geta notið náttúrunnar hér á svæðinu.

Áætlaður kostnaður og hvernig tilkominn

Kostnaður við fyrstu 6 skiltin er um 185.000 kr. Þá er miðað við að efnissöfnun, vinnsla, útskurður og frágangur fyrir hvert skilti sé um 6 klst. Inni þessum klst fjölda er einnig reiknað með að koma skiltum fyrir á sínum stað. Öll verkfæri eru þegar í eigu framkvæmdaraðila, en kaupa þarf viðarvörn og pensla til að tryggja endingu skiltanna.

Vinna: 36 klst

Vinnukostnaður: 5.000 kr klst

= 180.000 kr

Viðarvörn og penslar: 5.000 kr

=185.000

Áætlaðar tekjur og hvernig tilkomnar

Aðgengi að gönguleiðunum er frítt, svo beinar tekjur af verkefninu eru engar. Hinsvegar má reikna með að þjónusutuaðilar ferðamanna njóti góðs af auknu streymi ferðamanna á svæðinu, svo sem söluaðilar, veitingaaðilar og gistipjónustuaðilar. Þar að auki er von mín að með aukinni ánægju fólks í náttúrunni styrkist hugarfar til náttúruverndar og umhirðu með landinu.

Umbeðin styrkuppþæð

150.000

Fylgigögn

Skrá

Lýsing

<input type="text"/>	<input type="text"/>
<input type="text"/>	<input type="text"/>
<input type="text"/>	<input type="text"/>
<input type="text"/>	<input type="text"/>

Um umsóknina

Staðfestingarnúmer: 131

Staðfestingarmáti: Rafræn skilríki í farsíma

Dagsetning: 2.12.2024 18:31:57